

Garðabær, mars 2013.

## Ályktun um byggingu knattspyrnuhúss

Knattspyrna er vaxandi íþróttagrein innan Garðabæjar og hefur vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár. Stjarnan ætlar sér stóra hluti í framtíðinni á knattspyrnusviðinu og er gríðarlega öflugt barna- og unglíngastarf unnið innan vébanda félagsins. Stjarnan er fyrirmyndarfélag ÍSÍ og hefur sett sér skýr markmið. Þau markmið er m.a. að finna í handbók knattspyrnudeildar.

### Í handbókinni kemur m.a. fram eftirfarandi:

- Barna- og unglíngaráð stuðlar að markvissri uppbyggingu á knattspyrnu barna og unglínga á vegum Stjórnunnar, skipuleggur starfið og skilgreinir markmið þess og mótar þannig heildarstefnu sem hægt er að vinna skipulega eftir.
- Tilgangur barna- og unglíngastarfs Stjórnunnar er m.a. að standa að traustu og öflugu uppbyggingarstarfi til hagsbóta fyrir félagsmenn.
- Markmið barna- og unglíngastarfs knattspyrnudeildar er að undirbúa leikmenn til þátttöku í meistaraflokki félagsins. Að veita iðkendum knattspyrnu í yngri flokkum þá þjálfun sem nauðsynleg er til að verða framúrskarandi knattspyrnuíðkendir. Að iðkendir okkar séu nægilega tæknilega góðir. Að leikmenn séu tilbúnir og hafi knattspyrnulega getu til þess að spila með meistaraflokkum félagsins við 20 ára aldur.
- Að leikmenn séu nógu góðir og tilbúnir til þess að spila með yngri landsliðum Íslands.
- Að Stjarnan eigi nógu góða leikmenn til að komast í atvinnumennsku erlendis.
- Að einstaklingar geti hugsað sem svo að félagið hafi boðið þeim uppá bestu mögulegu þjálfun.

Margir efnilegir knattspyrnumenn og konur fyrirfinnast innan Stjórnunnar og ekki skemmir árangur meistaraflokks karla og kvenna fyrir síðustu ár. Engu að síður er það samdóma álit fulltrúa barna- og unglíngaráðs auk margra foreldra sem komið hafa að máli við fulltrúa ráðsins, að full þörf sé á að byggja knattspyrnuhús svo ofangreindum markmiðum verði náð sem best og að iðkendir okkar geti líkt og knattspyrnuíðkendir í nágrannasveitafélögum notið þjálfunar yfir vetrartímann við bestu aðstæður. Barna- og unglíngaráð telur að miklu geti skipt við tækniþjálfun yngri flokka að viðunandi aðstaða sé fyrir hendi og að slík aðstaða skipt verulega máli við að efla gæði þjálfunar og knattspyrnulega getu iðkenda Stjórnunnar.

Innan 1-2 ára mun þurfa að endurnýja yfirborð á "gamla gervigrasinu" fyrir ofan keppnisvöll félagsins. Þá eru yngri flokkar félagsins ört stækkandi og sér barna- og unglíngaráð fram á áframhaldandi fjölgun iðkenda í flokkum félagsins. Barna- og unglíngaráð telur því mikilvægt að umræðan um byggingu knattspyrnuhúss hefjist sem fyrst og að undir þá hugmynd verði vel tekið af sveitarstjórnarmönnum Garðabæjar. Bygging knattspyrnuhúss ætti að vera algert forgangsmál í áframhaldandi uppbyggingu íþróttamannvirkja Garðabæjar.

Skíni Stjarnan,

Barna- og unglíngaráð knattspyrnudeildar Stjórnunnar

